

Borgarbyggð
Digranesgötu 2
310 Borgarnes

Reykjavík, 10. desember 2024
UST202412-038/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 – 2022 - Efra-Nes

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 2. desember sl. Þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 – 2022 fyrir Efra-Nes.

Í greinargerð kemur fram að breytingin felist í því að um 10 ha svæði innan jarðar Efra-Ness verði skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði og minnkar landbúnaðarsvæði sem því nemur. Breytingin er til komin vegna áforma landeiganda um að byggja upp frekari ferðaþjónustu á svæðinu. Hugmyndir eru uppi um að hafa á svæðinu gistitjöld sem hvert um sig er á steyptri plötu með hitalögnum og salerni í hverju tjaldi. Gert er ráð fyrir að hvert gistitjald verði að hámarki 40 m² og hámarkshæð tjaldanna verði 3,5 m frá gólfi. Einnig er gert er ráð fyrir tveimur þjónustutjöldum á svæðinu. Annað þeirra verður um 300 m² að stærð með 10 m lofthæð og hitt um 700 m² með 15 m lofthæð. Tjöldin verða í jarðlitum. Svæðið verður byggt upp í áföngum en mögulega verða á svæðinu allt að 60 tjöld að þjónustutjöldunum meðtöldum.

Umhverfisáhrif

Í greinargerð er fjallað um viðeigandi umhverfispætti sem á meta í umhverfismati. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að undir umhverfispættinum gróður og dýralíf þarf að koma hver sé stefna sveitarfélagsins um vernd og endurheimt.

Í greinargerð kemur einnig fram að innan skipulagssvæðisins séu vistgerðirnar língresis- og vingulsvist og starungsmýravist sem eru með hátt og mjög hátt verndargildi. Leggur Umhverfisstofnun áherslu á að þeim vistgerðum verði ekki raskað.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað verði um í tillögunni hvernig fráveitumálum verði háttáð á svæðinu.

Vatnamál

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um áhrif tillögunar á vatn í samræmi við lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Kristín Björk Birgisdóttir

sérfræðingur